



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við setningu  
Alþingis  
9. september 2014**

Við upphaf hins nýja þings er við hæfi að minnast þess að sjötíu ár eru liðin frá stofnun lýðveldis á Þingvöllum við Öxará. Alþingi og tugþúsundir Íslendinga, reyndar einnig þeir sem staddir voru í fjarlægum byggðum, fögnuðu af heitu hjarta og heilum hug lokasigri í baráttunni fyrir fullu sjálfstæði, sögulegum áfanga vegferðar sem hófst um hundrað árum áður með herhvöt Fjölnis og Nýrra félagsrita, studd aflinu sem fólst í endurreisn Alþingis.

Þá taldi þjóðin aðeins fáeina tugi þúsunda, þorri bjó við mikla fátækt; án allra réttinda sem nú eru talin sjálfsögð; hvorki vegir né önnur mannvirki léttu för og atvinnuhættir enn hinir sömu og verið höfðu um margar aldir; engin borg, aðeins fáein hrörleg þorp, torfbærir algengustu vistarverur.

Djörfung og reisin, ríkuleg sjálfsvirðing, sómi studdur arfi bókmennta og minninga um þjóðveldið voru veganesti þeirra sem alla nítjándu öldina báru fram á Alþingi kröfurnar um aukinn rétt, stjórnskipun sem hæfði sýn Íslendinga á sess sinn í samfélagi þjóða heims.

Heimastjórn og fullveldi í árdaga nýliðinnar aldar gáfu Alþingi síðan kraft til að hefja nýja sókn, efla atvinnulíf, uppbyggingu á flestum sviðum, ná árangri í glímunni við kreppuna miklu og áföllin á mörkuðum heimsins.

Samt voru Íslendingar enn við lýðveldisstofnun ein fátækasta þjóð álfunnar, einstakt á veraldarvísu að svo fámenn þjóð tæki ákvörðun um að verða sérstakt ríki. En slík var sjálfsvirðing og sýn Íslendinga á eigin sæmd að landsmenn voru nær einhuga á þessum tímamótum; ákvörðunin

og stjórnarskrá hins nýja lýðveldis hlutu stuðning ríflega 90% kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu sem heimurinn hafði aldrei áður skráð dæmi um.

Það er líklega flestum framandi á okkar tímum að skilja til hlítar hve byltingarkennd stofnun íslenska lýðveldisins var á sínum tíma; enda tók það nágrannaþjóðir okkar í Evrópu nær áratug að virða að fullu þjóðhöfðingjann, æðsta tákni þessara þáttaskila; hafði hann þó að baki kjör á hátíðarfundum Alþingis og sigur í almennum kosningum; forseti Íslands fyrsti þjóðhöfðinginn í veröldinni sem kosinn var með beinu lýðræðislegu vali þjóðar.

Þótt lýðveldið væri umvafið dýrðarljóma og stolti sérhvers Íslendinga voru efnahagslegar stoðir þess afar veikar; fiskur helsta útflutningsvaran og gjaldeyrir sem fékkst í krafti sjávarútvegs forsenda framfara því nánast þurfti að flytja inn allt efni til bygginga skóla, sjúkrahúsa og annarra mannvirkja, stóran hluta matvæla, lyf og tæki, nauðsynjar til uppbyggingar þess samfélags sem við nú njótum.

Í þessum efnum var Alþingi mikill vandi á höndum á fyrstu áratugum lýðveldisins því erlend ríki tóku sér stóran hluta aflans, sendu togara og fiskiskip upp að ströndum landsins. Útfærsla landhelginnar var því í raun síðari áfangi sjálfstæðisbaráttunnar og ætíð þegar Alþingi eflði rétt Íslendinga, fyrst í fjórar mílur, þá tólf, fimmtíu og loks tvö hundruð, var því svarað ýmist með viðskiptabanni eða herskipaflota.

Samstaðan, trúin á málstaðinn og réttlætið, færði Íslendingum hins vegar sigur og undanfarna áratugi hefur þjóðin notið traustra stoða lýðveldisins, bæði í stjórnskipun og ríkulegum auðlindum lands og sjávar.

Allt er þetta mikil saga, arfleifð sem Alþingi okkar tíma fékk í hendur; ávinningar sem hvíla á því að þingheimur beri gæfu til að standa saman þegar mest á reynir; saga sjálfstæðisbaráttu og lýðveldistíma sem fært hafa eina fátækustu þjóð Evrópu í fremstu röð um lífsgæði og velferð.

Þótt fjármálakreppan fyrir fáeinum árum, hrun bankanna, ógnaði um tíma þessum árangri, einkum vegna harkalegra tilrauna annarra til að beygja okkur, tókst að snúa vörn í sókn og nú eru hagvöxtur, lítið atvinnuleysi og sívaxandi styrkur fjölbreyttra útflutningsgreina og þjónustu vitnisburður um einstæðan árangur á evrópska vísu.

Hér hafa margir lagt hönd á plóg og allir flokkar sem nú eiga fulltrúa á Alþingi komið að því góða verki. Heiðurinn er við lok þessarar glímu alls þingheims og það ber í senn að virða og þakka.

Sess Íslands í samfélagi ríkja heims var áfram tryggður; sess sem var áður mótaður með ákvörðunum Alþingis um þátttöku í alþjóðlegum samtökum.

Strax á fyrstu árum lýðveldisins voru aðildin að Sameinuðu þjóðunum og Norðurlandaráði burðarásar á þessari braut, studdir samstöðu hér í salnum. Aðild að Atlantshafsbandalaginu varð hins vegar djúpstætt átakaefni en þar réði för eindreginn forysta ríkisstjórnar og vilji meirihluta Alþingis. Skýr afstaða ráðandi afla löggjafar- og framkvæmdavalds leiddu Ísland síðar í Fríverslunarsamtök Evrópu og Evrópska efnahagssvæðið; en breiðari stuðningur hafði áður verið að baki þátttöku í Evrópuráðinu og við lok aldar einhugur um inngöngu í Norðurskautsráðið.

Þessi fjölpætta aðild að samtökum ríkja myndar hornsteina í alþjóðlegum sessi lýðveldisins, vegvísa um árangur sem að stórum hluta má eigna Alþingi. Enda hafa í öllum þessum áföngum ákvarðanir verið teknar á grundvelli einhuga forystu ríkisstjórna og eindregins vilja meirihluta Alþingis; öðrum aðildarríkjum líka kappsmál að fá Ísland fljótt í sínar raðir.

Sómi og sjálfsvirðing Íslands voru ætíð leiðarljós í sérhverri för; vilji sem á djúpar rætur í sögu sjálfstæðisbaráttu og lýðveldis, í þeirri arfleifð sem Alþingi og okkur öllum sem þjóðin kys ber að virða; arfleifð sem verk Alþingis, allt frá endurreisn, hafa mótað; arfleifð sem er afrakstur forystu þeirra kynslóða sem áður sátu í þessum sal og fjöldans á Þingvöllum fyrir sjötíu árum.

Sérhvert þing smíðar nýjan hlekk í þessa keðju, mótar styrk hennar til lengri tíma, ber fjöregg lýðveldisins, sóma þess og reisn í hendur þeirra sem á eftir koma.

Í anda þeirrar sýnar bið ég alþingismenn að rísa á fætur og minnast ættjarðarinnar.